

# ÁRSSKÝRSLA 1992

## 1. VEÐURFAR.

A Vesturlandi var árið fremur hagstætt í heild sinni, og sennilega hlutfallslega betra en í flestum öðrum landshlutum.

Veturinn var snjóleittur og mildur og ekki mikill klaki í jördum. Einkum var janúar hlýr, eða nærrí þremur gráðum yfir meðallagi Engin sérstok stórvíðri komu.

Vorið var í meðallagi hlýtt en úrkoma í mai sennilega nálægt um 50% umfram meðallag.

Sumarið var í Borgarfirði fremur hagstætt, nema hvað tvö hvassviðri reyttu lauf af óspum og skemmdu, og hafa þær líklega verið illa undir veturnn búnar. Fyrra veðrið var um miðjan júní, og fylgdí því kuldahret um jónsmessuna. Seinna veðrið gerði i ágústlok, norðan bál, sem stoð i marga daga.

Haustið var hlýrra en í meðalári. Úrkoma var í minna lagi í október en yfir meðallagi í nóvember.

Engin hefti af Veðráttunni 1992 eru komin út þegar þetta er skrifsað. En eg mun síðar sella veðurtölur inn í skýrsluna, þegar þær liggja fyrir.

## 2. VÖXTUR.

Hæðarvöxtur flestra trjátegunda var ágætur, þegar óspin er undanskilin. Birkiskógarinn dasnaði mjög vel. Áberandi er hvað ósíðuð skóglendi taka vel við sér eftir þá fjárfækkun sem hefur orðið hefur hjá bændum.

Trjáskáðar voru ekki teljandi umfram það, sem áður er sagt. Þó verður að geta þess að sitkalúsín hefur lagt undir sig Snæfellsnes. Gerði hún talsverðan usla í Sauraskógi og í Grensási við Stykkishólm. Hennar varð líka vart við Olafsvík og í Höfsstaðagirðingu.

## 3. STARFSFÓLK.

Birgir Hauksson lauk námi við umhverfisdeild Garðyrkjuskóla ríkisins í apríllok og hóf þegar störf. "Útgerðin" höfst 25. maí og lauk 5. september. Auk Birgis voru hér 3 piltar og ráðskona þennan tíma. Samtals urðu vinnuvíkur lausráðins fólks 64, sem er alltof léleg nýting ráðskonu og aðstöðu. Bráðnaudsþegar er að ráða einn ársmann, sem gæti unnið með Birgi við grísun og skógarhögg framan af vetrí og síðla vetrar, og reyndar á öðrum timum þegar viðrar. Nú er einnig ágæt aðstaða í skemmunni til þess að sinna ýmiskonar úrvinnslu viðar, velaviðgerðum og viðhaldi.

## 4. GIRDINGAR.

Girtur var um 350 metra kafli í landi Laxaborgar, frá þjóðvegi í Haukadalsá. Leyfi hefur fengist til þess að gíða meðfram Haukadalsá að sunnanverðu, og með því friðast landið beggja vegna árinnar, en meðfram

ánni er mjög skjólsælt. Þessi kafli er 880 metrar, og er búið sléttu undir með jarðytu og bora fyrir aflstaurum, svo að hann verður fljótgirtur. Þá verður að girða norðan árinnar 2050 metra. Þetta getur hugsanlega verið rafgirðing.

I haust voru settar upp tvær litlar girðingar í Ketilsstaðalandi i Suðurdalahreppi, samanlagt 4.8 ha. Girðingalengd var 700 m. Fyrirhugað er að gróðursetja þar minningarlund Hákonar Helgasonar.

Þá liggur fyrir að girða í Skógum á Fellsströnd. Eina skilyrði gefandans var það, að mestur hluti landsins neðan Efribyggðarvegar skyldi fríðaður. Vegagerðin mun leggja fram fjármuni til að girða meðfram þjóðveginum út á Fellsströnd, samtals 3 km á þessu ári og einnig til þess að girða meðfram Efribyggðarvegi, 1.7 km, en ekki er alveg vist, hvort það geti orðið á þessu ári. Úr þeirri girðingu þarf svo að girða í Staðarfellsgirðinguna, ca. 2.5 km. Þá er ætlunin að ná samkomulagi við eiganda Hellu, sem er næsta jörð fyrir innan Skoga, um að girða í sæmilegar girðinga, sem þar eru fyrir. Takist það, ættu þessar girðingarsframkvæmdir að verða nokkuð viðráðanlegar hvað kostnað snertir.

## 5. SKÓGARHÖGG.

I Jafnaskarðsskógi var talsvert mikil grisjað í Hreðakotsbrekkum, bæði sitkagreni og hvitgreni. Eins og gefur að skilja er mjög bagalegt að hafa ekki amk. einn vanan, fullordinn mann með Birgi í þessu, því að það er takmarkað gagn, sem hægt er að hafa af unglungum við þetta.

Jólatré voru hoggvin í Jafnaskarðs- og Norðtunguskógi sem hér segir:

Stærðarflokkur	Rauðgreni	Stafafura
0.70-1.00	29	14
1.01-1.25	39	31
1.26-1.50	31	38
1.51-1.75	22	20
1.76-2.00	23	8
2.01-2.50	1	4
2.50-3.00	0	-
3.01-4.00	1	-
Samtals	146	115

Andvirði trjanna í heildsolu með virðisaukaskattí nam kr. 316.731,-.

## 6. GRÓÐURSETNING.

Gróðursetning var með minnsta móti af þeim ástæðum, sem áður hefur verið getið. Hún var þessi:

A Hreðavatni:	Rüssalerki, Hausjärvi 1/0 Mgls	3.350
	Stafafura, Taraldsøy 1/0 Mgls	200
	Strandaviðir, Norðtungu	220

I Litla-Skarði:	Alaskaösp, Nordtungu	700
I Skógum:	Rússalerki, Hausjárvi 1/0 Mgls	650
	Stafafura, Taraldsøy 1/0 Mgls	670

Samtals voru því einungis gróðursettar 5.790 plöntur.

## 7. HIRDING.

Mjög lítið var um hirðingu og áburðargjöf var engin, nema á skjólbelti á Hreðavatni. Varla þarf að taka það fram, að þessu hefur alls ekki verið sinnt sem skyldi vegna fjárskorts. Verkefnin eru nær ótæmandi.

## 8. BYGGINGAR.

Húsið í Skogum var tekið i gegn, malað innan og utan. Skipt var um golf i baðherbergi, leki lagfærður og sturtuklesi settur í stað baðkars. Sett voru notuð teppi á flest golf, notuð húsgögn fengust fyrir lítið og gardinur fyrir ekkert. Er húsið nú hið vistlegasta fyrir utan eldhúsinnréttunga, sem er leiðinleg. Ekkert hefur verið gert við úthúsín, en þar þarf að moka út skit og taði, sem þar hafa safnast fyrir um nokkurra ára skeið. Næsta umhversfi hússanna þarf að laga og snyrta.

Annað hefur ekki gerst í byggingarmálum á liðnu ári. Braðnauðsynlegt er að rífa gamla fjósíð a Hreðavatni, því að það er til skammar eins og það er og engan veginn hægt að gera við það.

I þverárhlið eru á döfinni hitaveituframkvæmdir. Leitt verður heitt vatn á flesta eða alla bæi sveitarinnar frá Helgavatni, sem er næsti bær við Skógarkot. Lögð er áhersla á að sem flestir verði með. Við fyrstu sýn virðist þetta mjög freistandi tilboð og full ástæða til að kanna það mjög gaumgæfilega.

## 9. VĒLAR OG VERKFÆRI.

Eins og frá var sagt í skýrslu fyrra árs, skemmdist billinn talsvert í veltu í desember þ.á. Leitað var tilboda í viðgerð. Lægsta tilbodi, kr. 323 þús., var tekið, og tókst það vel til.

Keyptar voru 2 keðjusagir og 1 kjarrsög á árinu. Nú í veturnar þarf endilega að kaupa viðarkleyfi, sem gengur fyrir rafmagni.

## 10. Ýmislegt.

Sá sem þetta ritar varð fyrir því ohappi í sumar að viðbeins- og rifbeinsbrjóta sig nokkuð illa. Fyrir bragðið gat hann ekki ferðast og leiðbeint sem skyldi, en óneitanlega sparaðist nokkuð fé með þessu.

P.t. Mógið á bónadag 1993,

  
Haukur Ragnarsson